

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-79/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bílsætishlíf, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 2. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 14. október. Með bréfi, dags. 16. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 28. nóvember. Með bréfi, dags. 8. desember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum. Með bréfi, dags. 19. desember, tilkynnti seljandi að hann hefði engu við fyrri andsvör sín að bæta. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 11. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 23. ágúst 2014 keypti álitsbeiðandi framvísandi bílsætishlíf af seljanda fyrir kr. 4.690. Setti álitsbeiðandi sætishlífina undir barnastól í bifreið sinni, í þeim tilgangi að verja áklæði í sætum bifreiðarinnar, sem voru úr hvítu leðri. Mánuði eftir kaupin var sætishlífin fjarlægð og kom þá í ljós að hlífin hafði litað leðrið á bílsætinu. Haft var samband við seljanda sem aftur hafði samband við framleiðanda sætishlífarinnar. Svör framleiðanda voru á þá leið að á pakkningum utan um hlífina kæmi fram að hún gæti mögulega litað. Segir álitsbeiðandi að þegar varan sé skoðuð nánar komi það fram á norðurlandamáli að hlífin geti litað. Segist álitsbeiðandi ekki vera sterk í norðurlandamáli. Seljandi sjálfur hafi hins vegar komið af fjöllum hvað þetta varðaði og virðist því ekki hafa kynnt sér vöruna sem hann var að selja. Telur álitsbeiðandi það jafnframt augljóst þar sem seljandi hafi ekki minnst nokkuð á að hlífin gæti litað þegar kaupin fóru fram. Að lokum segir álitsbeiðandi að seljandi hafi neitað að bera nokkurn kostnað af því tjóni sem hlífin hafi valdið, en sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi að seljandi greiði þann kostnað.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af staðfestingu á kaupum á bílsætishlíf, myndir af leðursætum í bifreið álitsbeiðanda og skjáskot af vefsíðu seljanda, þar sem finna má upplýsingar um bílsætishlífin.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi keypt bílsætishlíf af seljanda fyrir kr. 4.690. Álitsbeiðandi haldi því fram að umrædd hlíf hafi litað sæti í bifreið hennar, en seljandi telur að álitsbeiðandi hefði ekki sýnt fram á að svo hafi verið. Líkt og komi fram í kvörtun álitsbeiðanda sé tekið fram í skilmálum á umbúðum vörunnar að hún geti mögulega litað. Telur seljandi ljóst að neytendum beri að kynna sér skilmála vöru fyrir notkun og geti ekki veigrað sér undan þeirri ábyrgð. Það að álitsbeiðandi í þessu tilviki beri því við að hún sé ekki sterk í norðurlandamáli skipti engu máli. Telur seljandi ágreiningslaust að

sætishlífin teljist ekki vera haldin galla í skilningi 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þar af leiðandi geti seljandi ekki boðist til að greiða fyrir tjón, sem álitsbeiðandi haldi fram að sætishlífin hafi valdið. Seljandi kveðst hafa haft umræddar sætishlífar til sölu í mörg ár án þess að kvartað hafi verið undan þeim. Því hafi starfsmanni seljanda brugðið í brún þegar álitsbeiðandi kvartaði undan hlífinni. Seljandi tekur fram að starfsmenn verslunarinnar reyni að koma til móts við þá viðskiptavini sem kvarti undan vörum sem teljast gallaðar, en svo sé ekki í þessu tilviki. Álitsbeiðanda hafi mátt vera ljóst að áklæði í bíl sé viðkvæmt fyrir litun líkt og lesa megi í skilmálum á umbúðum vörunnar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er aðeins að finna reikning fyrir viðgerð á sætum í bifreið álitsbeiðanda. Í reikningnum, dags. 10. október 2014, að fjárhæð kr. 60.000, segir að gert hafi verið við aftursæti í bifreið álitsbeiðanda og að leður í sætinu hafi verið litað.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi framvísandi bílsætishlíf af seljanda hinn 23. ágúst 2014 fyrir kr. 4.690.

Álitsbeiðandi telur að bílsætishlífin hafi verið haldin galla og að sá galli felist í því að sætishlífin litaði leðursæti í bifreið hennar. Hefur álitsbeiðandi lagt fram reikning, 10. október 2014, að fjárhæð kr. 60.000 vegna viðgerðar á leðursætinu. Seljandi hafnar kröfum álitsbeiðanda m.a. á þeim forsendum að skýrlega hafi komið fram í leiðbeiningum með sætishlífinni að hún gæti litað. Þá kemur fram að leiðbeiningarnar hafi verið á norðurlandamálum, en ekki íslensku.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Í 3. mgr. 16. gr. segir síðan: „Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.“

Kærunefndin telur að líta verði svo á að álitsbeiðanda hafi tekist að sýna fram á að bílsætishlíf sú er hún keypti af seljanda hinn 23. ágúst sl. hafi litað leðursæti í bifreið hennar. Sá óheppilegi eiginleiki söluhlutarins verður alla jafna að teljast galli í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Reynir þá á hvort um sé að ræða galla sem álitsbeiðandi vissi af eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Aðilar eru sammála um að upplýsingar sé að finna á leiðbeiningum með söluhlutnum um að hann geti litað út frá sér við notkun. Þær upplýsingar munu liggja fyrir í leiðbeiningum sem fylgdu söluhlutnum. Þær leiðbeiningar eru hins vegar ekki á íslensku, heldur á ótilgreindum norðurlandamálum og því ófullnægjandi að mati álitsbeiðanda. Kærunefndin vill í þessu samhengi benda á að skv. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og

markaðssetningu telst fullnægjandi samkvæmt þeim lögum að leiðbeiningar með söluhlutum séu á íslensku eða öðru Norðurlandamáli eða ensku. Verður því að líta á sem svo að álitsbeiðandi hafi við kaupin á bílsætishlífinni mátt vita að hlífin gæti litað. Gat álitsbeiðandi því ekki borið fyrir sig galla á hlífinni, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Verður því að hafna kröfum hennar.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir